

Mál nr. 439/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Hundatrygging.

Upplýsingaskylda vátryggingartaka. Svik. Riftun vátryggingarsamnings.

Gögn.

1. Málskot móttakið 21. nóvember 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 15. desember 2025 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M, sem er eigandi tíkurinnar X, hafi fylgt leiðbeiningum V við töku hundatryggingar vegna X. Hinn 17. október 2025 hafi hún farið með X til dýralæknisins Y í því skyni að fá vottorð vegna umsóknar sinnar um tryggingu. Hafi viðkomandi dýralæknir séð um vottorðsgerðina og notað staðlað form frá V. Dýralæknirinn hafi veitt því athygli að X var að hluta til rökuð vegna æðaleggs sem var settur upp hjá öðrum dýralækni, Z, vegna eitrunareinkenna X tveimur dögum áður og hafi Y og M rætt um það. Þrátt fyrir það hafi Y gefið út athugasemdalaust vottorð sem M hafi þá talið að væri til samræmis við venjubundna framkvæmd.

Á þessum tíma hafi M ekki vitað annað en að eitrun sú sem X var til meðhöndlunar vegna 15. október 2025 væri einangrað tilvik og að X hefði náð fullum bata, enda hafi hún ekki sýnt nein einkenni við skoðun Y tveimur dögum síðar. Það hafi ekki verið ætlun M að leyna neinu við töku vátryggingarinnar, heldur hafi það einfaldlega verið misskilningur sem olli því að hún upplýsti ekki um læknismeðferð þá sem X gekkst undir hinn 15. október 2025.

Þrátt fyrir að V hefði fengið læknisvottorð, m.a. um læknismeðferð 15. október 2025, hafi V áfram innheimt iðgjöld hjá M og ekki sagt upp tryggingunni fyrr en með riftun 19. nóvember 2025. M hafi ekki átt von á afturvirkri riftun nokkrum vikum eftir að V hafði fengið öll viðeigandi gögn. Í tölvupóstsamskiptum M og V hafi þá ekki verið minnst á að til stæði að rifta samningnum, heldur hafi verið farið með kröfu hennar sem hverja aðra bótakröfu.

Hinn 18. nóvember, áður en M hafi fengið vitneskju um riftun samningsins, hafi X orðið fyrir slysi og fengið bráðameðferð hjá Z. Á þeim tíma hafi M verið í þeirri trú að vátryggingin væri í gildi og geti hún ekki fallist á afturvirka riftun V á samningi um hundatryggingu.

Í málskoti kemur fram að M geri ekki kröfu um bætur vegna þeirra eitrunar- eða taugaeinkenna sem X hafi verið til meðferðar við í október 2025. Hún geri hins vegar kröfu um að ákvörðun V um riftun verði tekin til skoðunar og að henni verði greiddar bætur vegna þess lækniskostnaðar sem hlaust af slysi X hinn 18. nóvember 2025.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að sama dag og M hafi haft samband við V í þeim tilgangi að kaupa hundatryggingu, eða 15. október 2025, hafi X verið til meðferðar hjá dýralækninum Z vegna taugaeinkenna og gruns um eitrun. Hafi X við skoðun verið óstöðug, slöpp og lystarlaus. Á umsóknareyðublaði um vátrygginguna hafi M svarað spurningu um hvort X hefði farið til dýralæknis vegna veikinda, ofnæmis eða slyss neitandi. Hinn 20. október 2025 hafi V borist vottorð frá dýralækninum Y þar sem ástandi X hafi verið lýst sem eðlilegu og í engu getið um komu X til Z. Á grundvelli þessara gagna hafi viðkomandi vátrygging verið gefin út. Til samræmis við verklagsreglur V hafi ekki farið fram frekari skoðun enda hafi ekkert í framangreindum gögnum bent til þess að eitthvað amaði að X.

Hinn 23. október 2025 hafi borist tjónstilkynning frá M vegna eitrunar sem sögð var hafa átt sér stað 22. október. Fimm dögum síðar hafi borist önnur tjónstilkynning frá M vegna veikinda X 26. október. Í tengslum við umræddar tilkynningar hafi þrjú vottorð borist frá Z, eitt dags. 28. október og tvö dags. 12. nóvember 2025. Í því fyrsta komi fram að X hafi verið til skoðunar 15. október, 22. október og 26. október vegna taugaeinkenna eða gruns um eitrun. Í síðari vottorðum komi fram að X glími við taugaeinkenni af óþekktum orsökum og að mælt sé með frekari rannsóknum vegna mögulegs undirliggjandi taugasjúkdóms. V hafi á grundvelli framangreinds hafnað bótaskyldu þar sem einkenni X hafi verið til staðar fyrir töku vátryggingarinnar. Sú höfnun hafi verið áréttuð hinn 17. nóvember.

Eftir nánari skoðun fyrirbyggjandi gagna hafi V komist að þeirri niðurstöðu að rangar upplýsingar hafi verið veittar við töku váttryggingarinnar. Hafi V því sent M tölvupóst 19. nóvember 2025 þar sem tilkynnt var um að samningi um váttrygginguna væri rift án fyrirvara til samræmis við 1. mgr. 21. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Daginn eftir móttöku þeirrar yfirlýsingar, eða 20. nóvember 2025, hafi borist önnur tjónstilkynning frá M þar sem krafist hafi verið bóta vegna slyss sem X eigi að hafa orðið fyrir hinn 18. nóvember 2025. V hafi tilkynnt M um að það hygðist ekki aðhafast frekar þar sem umrædd váttrygging væri ekki lengur í gildi.

Kemur þá fram að V telji að M hafi með sviksamlegum hætti veitt rangar upplýsingar um fyrra heilsufar X við töku váttryggingarinnar. Þær upplýsingar hafi verið V afar mikilvægar við mat á áhættu í tengslum við váttrygginguna. Vegna fyrrgreindrar vanrækslu M hafi V ekki gefist kostur á að afla frekari gagna um veikindi X. Sé á því byggt að hefðu upplýsingar um veikindi X legið fyrir hefði váttryggingin ekki verið gefin út. Hafi V því verið heimilt að rifta umræddum samningi og að sama skapi sé V laust undan ábyrgð vegna meints slyss X hinn 18. nóvember 2025.

Álit.

Fyrirbyggjandi er umsókn M um hundatryggingu hjá V en óumdeilt er að hún hafi verið send hin 16. október 2025. Spurningunni „farið til dýralæknis vegna veikinda, ofnæmis eða slyss“ er þar svarað neitandi. Hins vegar liggur fyrir vottorð frá dýralækninum Z, dags. 12. nóvember 2025 þar sem m.a. kemur fram að komið hafi verið með X til læknis 15. október 2025 og segir jafnframt að þá hafi verið um „staðfestan grun um eitrun að ræða.“

Liggur því fyrir að M gaf ekki réttar upplýsingar við töku váttryggingarinnar, enda ljóst að X var til meðferðar hjá lækni daginn áður. Er það mat nefndarinnar að M hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína með þeim hætti að ekki telst óverulegt, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga um váttryggingarsamninga. Verður hins vegar ekki talið að sýnt sé fram á sviksamlega háttsemi af hennar hálfu. Er þá m.a. litið til þess að á umræddum tíma virðist ekki annað hafa legið fyrir en að um einangrað eitrunartilvik væri að ræða. Hefur V þá ekki sýnt fram á að umrædd váttrygging hefði ekki verið gefin út hefði vitneskja um eitrunartilvik legið fyrir, þó ganga megi út frá því að V hefði kallað eftir frekari upplýsingum hefði M sinnt upplýsingaskyldu sinni sem skyldi.

Samkvæmt fyrirbyggjandi tjónstilkynningum sem fylltar eru út af Z 12. nóvember 2025, var einnig leitað með X til læknis 22. og 26. október 2025. Hinn 22. október var X greind með taugaeinkenni af óþekktum orsökum, en ekki var staðfest eitrun til staðar. Í vottorði vegna þeirrar komu kemur einnig fram að við komu 15. október 2025 hafi verið um staðfestan grun um eitrun að ræða og þá hafi verið töluvert meiri einkenni. Við komu X til læknis 26. október 2025 hafi hún verið með taugaeinkenni, slöpp og lystarlaus en taugaeinkenni hafi verið betri við komu. Grunur um eitrun sé ekki lengur til staðar en mælt sé með frekari rannsóknnum á mögulegum undirliggjandi taugasjúkdómi. Í eldri tjónstilkynningu frá Z, dags. 28. október 2025, virðist hins vegar ekki gerður þessi greinarmunur á fyrstu komu X til læknis og hinum tveimur komunum. Þar segir „Komið til okkar 15.10, 22.10 og 26.10.2025 – öll skiptin vegna taugaeinkenna/gruns um eitrun“ og „Eftir að komið fyrir 3x, vaknar grunur um að undirliggjandi pathology gæti verið til staðar. Mælt sterkllega með frekari rannsóknnum.“

Ekki liggur fyrir hvort frekari rannsóknir hafi farið fram en af framangreindu verður að telja að líklegt sé að X þjáist af sjúkdómi sem hafi átt sér upphaf fyrir gildistöku tryggingarinnar. Þar sem umrædd váttrygging tekur, samkvæmt skilmálum sínum, ekki til lækniskostnaðar vegna slíkra tilvika á M ekki rétt á bótum vegna þess lækniskostnaðar sem hlaust af lækniskomum 22. og 26. október 2025.

Þá liggur fyrir að M sendi V tjónstilkynningu hinn 20. nóvember 2025 en þar kemur fram að X hafi fengið skurð neðan við trýni þegar hún var við leik utanhúss hinn 18. nóvember 2025. Í tjónstilkynningu sem er undirrituð af Z kemur fram að X hafi orðið fyrir slysi og fengið skurð á vör. Verður að telja nægilega sýnt fram á að um slys hafi verið að ræða og ekki liggur fyrir nein tenging þess við önnur einkenni X. Mat á ábyrgð félagsins til samræmis við 3. mgr. 20. gr. laga um váttryggingarsamninga leiðir því ekki til þess að heimilt sé að fella ábyrgð V vegna þess atviks niður. Að því marki sem M varð fyrir tjóni vegna þessa, en samkvæmt fyrirbyggjandi greiðslukvittun, dags. 18. nóvember 2025, nam það 81.705 kr., er bótaskylda úr váttryggingunni því til staðar.

Fyrir liggur að V taldi sér heimilt að slíta umræddri váttryggingu án fyrirvara á grundvelli 1. mgr. 21. gr. laga um váttryggingarsamninga og var það gert hinn 19. nóvember 2025, þ.e. eftir að fyrrgreint slys

átti sér stað. Forsenda slíkrar riftunar er að váttryggingartaki hafi viðhaft sviksamlega háttsemi. Eins og áður er rakið hafa ekki verið færðar sönnur á að M hafi sýnt af sér sviksamlega háttsemi við töku váttryggingarinnar og er þá m.a. litið til þess að ekkert í læknisfræðilegum gögnum bendir til annars en að hún hafi á þeim tíma talið að um einangrað eitrunartilvik hafi verið að ræða er hún leitaði með X til læknis 15. október 2025. Er því ekki sýnt fram á að skilyrði til riftunar hafi verið fyrir hendi.

Hins vegar er það mat nefndarinnar að með því að skýra ekki frá þeirri lækniskomu hafi upplýsingagjöf M verið ófullnægjandi svo verulega nemi og að því hafi verið heimilt að segja váttryggingunni upp með 14 daga fyrirvara, sbr. 1. málslíð 1. mgr. 21. gr. laga um váttryggingarsamninga.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr sjúkrakostnaðartryggingu hundatryggingar hjá V vegna atviks sem átti sér stað 18. nóvember 2025.

Reykjavík, 12. maí 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Lilja Ragnarsdóttir